



ÚRRÆÐI FYRIR GEÐSJÚKA

Gripa hefur orðið til þess ráðs að senda mikið geðsjúka fanga í einangrun á Litla-Hrauni á meðan verið er að róa þá niður.

Geðsjúkur fangi hafður í einangrun

Færa þurfti geðsjúkan fanga frá Sogni í einangrun á Litla-Hrauni. Fangelsismálastofnun segir erfitt að fá fanga vistaða á geðdeildum. Þeir hafi jafnvel verið sendir til baka þegar vistun hafi verið reynd.

HEILBRIGÐISMÁL Fangelsismálayfirvöld þurfa að hafa aðgang að fleiri og betri plássum á geðdeildum fyrir fanga sem eru illa staddir, segir Erlendur Baldursson hjá Fangelsismálastofnun. Vista þurfti mjög veikan fanga, sem var í öryggisgæslu á Sogni, á Litla-Hrauni í átta daga eftir að hann hafði tekið kast. Erlendur sagði að það heyrði til undantekninga að grípa þyrfti til úrræða af þessu tagi.

„Það hefur gengið illa að koma föngum inn á geðdeildir þegar þeir hafa þurft á að halda,“ sagði Erlendur. „Við höfum ekki fang-

elsissjúkrahús en notum kerfið fyrir utan fangelsið. Læknar koma inn í fangelsið til að lækna fólk. Eins höfum við notað geðdeildirnar. Fangi sem veikist þarf sömu hjálp og aðrir sem veikjast. Komið hefur fyrir að fangar hafi verið sendir til baka af geðdeildum.“

Stjórn Geðhjálp hefur lýst þungum áhyggjum vegna þess úr-ræðaleyfis sem ríkir í málefnum geðsjúkra fanga. Dæmdum einstaklingi, sem hafði ítrekað reynt að taka eigið líf innan fangelsisveggja, var neitað um aðgengi að nauðsynlegri geðheilbrigðisþjón-

ustu. Þess í stað er hann vistaður í einangrunarklefa í fangelsi. Vistmaður á réttargeðdeildinni á Sogni var fluttur í gæsluvarðhaldseinangrun í fangelsið á Litla-Hrauni og var þar í átta daga.

„Um sjö geðsjúkir fangar hafa ekki fengið viðhlítandi meðferð á stofnunum vegna þess að þeir eru fangar og þar af leiðandi taldir erfiðir sjúklingar,“ sagði Sigursteinn Mátsson, formaður Geðhjálp. Geðhjálp hefur ítrekað skorað á stjórnvöld að bæta til muna geðheilbrigðisþjónustu fanga.

jss@frettabladid.is